

Nd.

54. Nefndarátt

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Lög þessi um innheimtu tolla og gjalda með 25% gengisviðauka voru sett á síðasta þingi til þess að afla ríkissjóði meiri tekna, með því að sýnilegt var, að hann þyrfti þeirra við. Innheimta gengisviðaukans var bundin því skilyrði, að gengi á sterlingspundi sje skráð í Reykjavík á 25 krónur, eða þar yfir, og er nú í þessu frv. farið fram á, að þetta ákvæði verði felt burtu og stjórninni veitt heimild til að innheimta gengisviðaukann framvegis, þangað til hann verður feldur burtu með nýrri lagasetningu.

Með því að þörf ríkissjóðs til tekjuauka er enn hin sama sem í fyrra, og með því að skráning sterlingspunds er ekki neitt sjálfsagt skilyrði fyrir tekjuaukanum, en það hinsvegar getur valdið skyndilegum tekjumissi, ef skráningin fer niður fyrir takmarkið, og jafnvel öðrum óþægindum, ef sveiflur væru kringum takmarkið, leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. febrúar 1925.

Kl. Jónsson,
form., frsm.

Magnús Jónsson.

Jón A. Jónsson,
fundaskrifari.

Jakob Möller,
með fyrirvara.

Halldór Stefánsson,
með fyrirvara.

Sveinn Ólafsson.

Björn Lindal.